

Ágæti viðtakandi,

Þann 23. mars nk. verður „Dagur Norðurlandanna“ haldinn hátíðlegur vött og breytt um öll Norðurlöndin, en í yfir 85 ár hafa Norrænu félagin staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum á þessum degi.

Opinberar stofnanir, höfuðborgirnar, sveitarfélög, fyrirtæki, mennta- og menningarstofnanir, fjölmiðlar og félagasamtök hafa nýtt þennan dag til að beina sjónum sínum að því sem norrænt er, vináttu og menningarsögulegu sambandi þjóðanna og til að vekja athygli á því sem norrænt er í starfsemi þeirra á hverjum tíma. Af nógu er að taka, enda er norrænt samstarf og norræn menningaráhrif, eins og rauður þráður í öllum norrænu löndunum - Íslandi, Danmörk, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum.

Með bréfi þessu vill Norræna félagið á Íslandi hvetja ykkur til að taka virkan þátt í þeim norrænu hátíðarhöldum sem fram undan eru og helst af öllu, leggja eitthvað af mörkum til að veisluborðið verði sem veglegast. Dagur Norðurlandanna, 23. mars nk. er afar heppilegur til að lyfta því sem norrænt er í ykkar starfi og gott tækifæri til að hylla þetta mikilvæga samstarf og vinarþel, sem norrænu þjóðirnar eiga. Norræna félagið lýsir sig áhugasamt um að skoða samstarf um hugmyndir að viðburðum og uppákomum á þessum degi og mun, ef áhugi er fyrir hendi, geta tekið þátt í kynningu þeirra með margvíslegum hætti.

Það er von mín að Dagur Norðurlandanna 23. mars verði okkur öllum, gott tilefni til aukins norræns samstarfs og umfram allt, ánægjulegra norrænna samskipta í starfi og leik.

Með norrænum kærleikskveðjum,

Hrannar B. Arnarsson

Formaður | Formand

+354 860 6890



Föreningen Norden Island

Norræna félagið | www.norden.is

Óðinsgata 7 | 101 Reykjavík | Ísland

